

Sp.

294. Tillaga til þingsályktunar

[161. mál]

um fullnýtingu vetrarsildarafla til manneldis og bræðslu.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvernig unnt verði að fullnýta vetrarsildarafla út af Suður- og Suðausturlandi með sérstöku tilliti til nýtingar síldarinnar til manneldis og bræðslu.

Greinargerð.

Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum samþykkti nýlega einróma tillögu frá bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins, Magnúsi Magnússyni, um að leita eftir því, að Síldarverksmiðjur ríkisins reisi síldarbræðslu í Vestmannaeyjum. Áður hafði komið fram tillaga frá sama bæjarfulltrúa á þá leið, að athugað yrði í samráði við opinbera aðila og einstaklinga, hvað gera þyrfti til undirbúnings fjölbreyttum síldariðnaði í Vestmannaeyjum. Málafni þetta blasir nú við mjög brýnt og aðkallandi. Stærri veiðiskip, ný leitar- og veiðitækni og örugg vitneskja um lífsvenjur síldarinnar hafa skapað þessi nýju viðhorf. Flutningsmaður þessarar tillögu hefur haft samráð við fiskifræðingana Jakob Jakobsson og Jón Jónsson, og telja þeir ástæðu til að ætla, að síld muni verða í talsverðu magni á svæðinu frá Reykjanesi til Ingólfshöfða að jafnaði allan fyrri hluta árs og allt fram í júlímánuð. Skipulegar rannsóknir, sem atvinnudeild háskólans hefur framkvæmt á s. l. fjórum árum, benda ótvírátt til, að síldarganga sé árviss á þessum slóðum. Þessi niðurstaða fiskifræðinganna kemur heim við álit sjómanna, sem telja, að síld hafi einatt verið í stórum stíl fyrir suðurströndinni, og þýskir togarar munu stundum hafa tekið heila farma af síld út af Selvogsbanka í síldartroll.

Síldin, sem veiðist á þessum tíma árs, er yfirleitt horuð, með fitumagn 8—12%, og því ekki heppileg til bræðslu í lýsi. Hins vegar stendur nú opinn markaður fyrir slíka síld til manneldis, sé hún verkuð með súrsun og reykingu. Til þessarar verksunar er vetrarsíldin, sem nú veiðist við Suðausturland, sérstaklega góð, og er einmitt beðið um síld með fitumagn kringum 10%. Alveg sérstaklega munu síldar kaupendur þó óska eftir hrognfylltri síld, en hún veiðist eingöngu nú í síðari hluta febrúar og allan marzmánuð og síðar á vorinu við Suðurland. Talsverð eftirspurn virðist nú vera eftir slíkri síld og jafnvel síldarhrognnum einum saman, sem unnt er að gera að miklu verðmæti.

Óþarft er að fjölyrða hér almennt um nauðsyn á fjölbreyttum síldariðnaði og knýjandi þörf, sem nú er á stórfelldu sölustarfi og viðtækri markaðsleit samhliða uppbyggingu síldariðnaðarins, en meira vert að víkja að þeim erfiðleikum, sem nú eru á því að nýta vetrarsíldveiðiaflann. Fram til 2. febrúar s. l. höfðu borizt til Vestmannaeyja 116217 tonn síldar, og mun nú hafa borizt þangað eftir aflahrotu seinustu dagur á móta mikið síldarmagn og til þeirra staða við Faxaflóa, sem tekið hafa á móti mestu síldarmagni næst Reykjavík. Um aðra móttökustaði hefur varla verið að ræða í viðunandi fjarlægð frá miðunum, en margir bátar hafa orðið að sigla til Reykjavíkur eða annarra Faxaflóahafna í þriggja sólarhringa ferðalag með aflann. Aflinn, sem borizt hefur til Eyja, hefur að mestu verið bræddur í 2000 tunna verksmiðju, sem fyrst og fremst er ætluð til annarra nota sem beinamjölverksmiðja. Nokkuð hefur verið fryst, nokkru umskipað í togara til flutnings á markað erlendis, en sama og ekkert hefur verið unnið með öðrum hætti.

Á sama tíma og sölumöguleikar eru fyrir hendi og mikill markaður fyrir verðmikla síldariðnaðarvöru til manneldis, getur hið opinbera ekki horft aðgerðalaust á slíka verðmætasóun sem þarna á sér stað, meðan síldaraflinn er ekki nýttur betur en raun er á.

Því er þessi tillaga flutt, að Alþingi mundi með samþykkt hennar láta í ljós hvatningu um, að gert verði nú þegar það átak, sem um munar til að nýta þau verðmæti, sem daglega fara í súginn, meðan ekki er hafizt handa um úrbætur.